

## **Ávöxtun erlendra verðbréfa íslensku lífeyrissjóðanna árið 2005**

*Ávöxtun erlendra verðbréfa lífeyrissjóðanna árið 2005 var há, eða um 14,7%. Hækkun markaðsvirðis erlendu verðbréfanna tryggði sjóðunum háa ávöxtun þrátt fyrir talsverða styrkingu krónunnar. Breytingar hafa orðið á samsetningu erlendrar verðbréfaeignar lífeyrissjóðanna á árinu 2005 svo og landaskiptingu. Hlutdeild verðbréfasjóða og skuldabréfa jókst á milli ára en hlutdeild hlutabréfa minnkaði. Erlend verðbréf útgefin í Lúxemborg jukust í verðbréfaeign lífeyrissjóðanna en hins vegar minnkaði verðbréfaeign útgefin í Bandaríkjunum.*

### **Tilgangur könnunarinnar og úrtak**

Heildarávöxtun verðbréfa er mæld sem hækkun á markaðsvirði þeirra auk arðs- og vaxtagreiðslna. Í uppgjöri á greiðslujöfnuði við útlönd er eingöngu litið á hreina ávöxtun arðs- og vaxtagreiðslna sem tekjur af erlendra verðbréfaeign.<sup>1</sup> Ekki er tekið tillit til breytinga á markaðsvirði verðbréfanna eða gengisbreytingar krónunnar. Niðurstaða könnunarinnar er nýtt til að meta ávöxtun erlendra verðbréfaeigna þjóðarinnar í greiðslujöfnuði við útlönd og til að greina hækkun á markaðsvirði í samanburði við alþjóðlegar hlutabréfavísitölur.

Í könnuninni var spurt um markaðsvirði erlendra verðbréfa í upphafi og lok ársins 2005. Þá var einnig spurt um kaup og sölu á erlendum verðbréfum á árinu, svo og móttæknar arð- og vaxtagreiðslur. Átján stærstu lífeyrissjóðirnir voru í úrtakinu, en erlend verðbréfaeign þeirra er 91,9% af erlendra verðbréfaeign allra lífeyrissjóða á Íslandi. Í könnun vegna ársins 2004 var úrtakið 12 stærstu sjóðirnir sem áttu 80,6% af erlendra verðbréfaeign allra lífeyrissjóðanna.


### **Há ávöxtun erlendra verðbréfa lífeyrissjóðanna**

Ávöxtun erlendra verðbréfaeignar stærstu lífeyrissjóðanna var 14,7% árið 2005 sem er mun hærra en árið 2004, en þá var ávöxtunin neikvæð um 1,2%. Mesta ávöxtun fengu lífeyrissjóðirnir af hlutabréfaeign sinni, eða um 15,5%. Þar af voru 1,6% arðgreiðslur en 13,9% var vegna hækkunar á markaðsvirði og gengisbreytinga. Ávöxtun af verðbréfasjóðum var einnig há eða um 15%. Þar af voru arðgreiðslur og vaxtatekjur einungis 0,7%, en hækkun á markaðsvirði 14,3%. Meðalávöxtun skuldabréfa var 4,6% en þar af var 1,4% hækkun á gengi og markaðsvirði.

---


<sup>1</sup> Verðbréfaeign er talin vera erlend ef útgefandi hefur lögheimili í öðru landi en á Íslandi. Til verðbréfa teljast hlutabréf, hlutdeildarskírteini, skuldabréf og peningabréf. Ef eignahlutur fjárfestis í hlutafélagi er 10% eða meiri telst hann vera bein fjárfesting og er ekki talinn til verðbréfaeignar. Hlutdeildarskírteini varða eignahlut í verðbréfasjóði, sem getur átt safn af skuldabréfum, hlutabréfum eða öðrum verðbréfum. Skuldabréf teljast þau bréf sem gefin eru út til lengri tíma en eins árs. Peningabréf eru skammtímafréttir (til eins árs eða skemmri tíma), svo sem ríkis- og bankavíxlar.

**Mynd 1 Meðalávöxtun erlendra verðbréfaeigna stærstu lífeyrissjóðanna**




**Breytt samsetning erlendrar verðbréfaeignar lífeyrissjóðanna og landaskiptingar**  
 Hlutdeild verðbréfasjóða og skuldabréfa jókst í erlendra verðbréfaeign lífeyrissjóðanna á milli ára en hlutdeild hlutabréfa dróst saman. Ætla má að lífeyrissjóðirnir hafi dregið úr áhættu í erlendra fjárfestingu með því að færa sig úr hlutabréfum í verðbréfasjóði og skuldabréf. Fjárfesting í verðbréfasjóðum, hvort sem um er að ræða hreina hlutabréfasjóði eða blandaða sjóði sem bæði fjárfesta í hlutabréfum og skuldabréfum, er sennilega áhættuminni en fjárfesting í einstökum hlutabréfum vegna meiri dreifingar.

**Mynd 2 Hlutdeild verðbréfaeigna stærstu lífeyrissjóðanna. Staða í árslok 2002-2005**



Mikil aukning varð á erlendra verðbréfaeign lífeyrissjóðanna útgefin í Lúxemborg frá árinu 2004 en hins vegar minnkaði hlutur verðbréfaeignar útgefin í Bandaríkjunum. Hlutfall Írlands og Bretlands af erlendra verðbréfaeign sjóðanna jókst en hlutfall annarra landa samtals minnkaði.

**Mynd 3 Landaskipting erlendrar verðbréfaeignar lífeyrissjóðanna**



**Gengisvísitalan lækkaði en hlutabréfavísitölurnar hækkuðu**

Hlutabréfavísitölur á erlendum mörkuðum hækkuðu að jafnaði árið 2005. Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) hækkaði um 10,8% í dollurum talið milli árunna 2004 og 2005<sup>2</sup>. Bandaríska S&P500 vísitalan hækkaði um 3,8% og breska vísitalan FTSE-


<sup>2</sup> The Economist janúar 7-13 2006

100 hækkaði um 16,7%. Umtalsverð hækkun varð einnig á frönsku hlutabréfavísitölunni CAC-40 (22,3%) og japönsku vísitölunni Nikkei (40,2%).<sup>3</sup>

Gengisvísitala krónunnar lækkaði um 6,98% á árinu 2005 en það þýðir að gengi hennar styrktist. Markaðsvirði erlendra verðbréfa lífeyrissjóðanna hefur því hækkað meira í erlendri mynt en í krónum talið. Gengi krónunnar styrktist gagnvart evrunni um 9,9%, gagnvart bresku Sterlingspundi um 7,4% og gagnvart japönsku jeni um 10,6%. Krónan veiktist hins vegar gagnvart Bandaríkjadal um 2% sem jók þar af leiðandi ávöxtun verðbréfaeignar í Bandaríkjunum umfram hækkun á markaðsvirði verðbréfanna.

### Erlend verðbréf lífeyrissjóðanna jukust á árinu 2005

Erlend verðbréfaeign lífeyrissjóðanna var 298,4 ma.kr. í árslok 2005 samanborið við 217,6 ma.kr. í árslok 2004 sem er 37,1% aukning og áþekkt aukningu á milli árana 2003 og 2004. Hrein eign lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris nam 1.219 ma.kr. í árslok 2005 og nam því erlend verðbréfaeign 24,5% af heildareign lífeyrissjóðanna. Sambærilegt hlutfall í árslok 2004 var 22% og er því um lítils háttar aukningu að ræða á milli ára.



Nettókaup innlendra aðila á erlendum verðbréfum árið 2005 námu um 123 ma.kr. Þar af keyptu lífeyrissjóðirnir rúmlega 46 ma.kr., eða um 37%, sem er mun lægra hlutfall en árið áður þegar nettókaup þeirra voru um 68% af heild. Seðlabankinn birti nýlega könnun á erlendri verðbréfaeign innlendra aðila í árslok 2005 sem sýnir að hlutdeild lífeyrissjóðanna af erlendri verðbréfaeign minnkaði á árinu 2005 en vægi banka og annarra fagfjárfesta jókst.

<sup>3</sup> Heimasíða Glitnis